

11. ágúst 2005

Fundarboð

Aðalfundur 2005

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmök verður haldinn fimmtudaginn 25. ágúst n.k. í sal Félags frímerkjasafnara Síðumúla 17, 2. hæð og hefst kl. 20:00. (Inngangur er að vestanverðu við sjoppuna).

Dagskrá:

- 1 Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs
- 2 Endurskoðaðir reikningar ársins lagðir fram og skýrðir
- 3 Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga í samræmi við 4 grein laga félagsins
- 4 Ákvörðun félagsgjalda fyrir starfsárið 2005-2006

Kaffihlé

- 5 Önnur mál
 - Umfjöllun um samkomulag við Skógræktarfélag Reykjavíkur um að Félag landnema á Fellsmörk taki yfir rekstur Fellsmerkur og að Álftagróf verði seld (sbr. meðfylgjandi samkomulagsdrög)

Með félagskveðju,
Stjórn Félags landnema á Fellsmörk.

SAMKOMULAG

Skógræktarfélag Reykjavíkur (hér eftir nefnt Sk. Rvk.) og Félag landnema í Fellsmörk (hér eftir nefnt Fél. landn.) gera með sér eftirfarandi samkomulag um atriði, sem lúta að málefnum svonefndrar Fellsmerkur á jörðunum Felli og Álftagróf með Keldudal í Mýrdalshreppi, sem fyrrnefnda félagið hefur á leigu frá landbúnaðarráðuneytinu og hefur ráðstafað eftir það að hluta til félaga í síðarnefnda félaginu með leigu- og afnotasamningum til ræktunar og bygginga samkvæmt svonefndum heimildarskjölum og viðaukum við þau.

I.

Fél. landn. lýsir yfir að því hefur verið kynntur samningur 31. janúar 2003 milli landbúnaðarráðuneytis og Sk.Rvk. varðandi Álftagróf, sbr. fylgiskjal nr.1. Í 2. gr. d.-lið lýsa aðilar þess samnings yfir að þeir hyggist selja allar húseignir á jörðinni og 20-30 hektara landspildu umhverfis, sem nú hefur verið ákveðið að skuli vera nærri 50 hektarar að stærð. Er ráðgert að auglýsa eignirnar til sölu í einu lagi á árinu 2005 og selja þær að því gefnu að viðunandi verð fái. Fél. landn. hefur verið kynnt hvar mörk útskipta landsins liggja, sbr. fylgiskjal nr. 2, þar sem útlínur hins útskipta hluta eru dregnar á loftmynd.

Aðilum er kunnugt um þá ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins að eftirleiðis skuli útskipti hlutinn bera nafnið Álftagróf, en leiguland Sk.Rvk. nafnið Keldudalur. Einnig að lögbýlisréttur jarðarinnar fylgir útskipta hlutanum og að ráðuneytið hefur lýst yfir að það muni beita sér fyrir því að Keldudal verði veittur sams konar réttur. Þá muni afréttarnot jarðarinnar fylgja Keldudal, en útskipti hlutinn engan rétt fá til afréttarnota.

Sk.Rvk. lýsir yfir að það mun í samvinnu við landbúnaðarráðuneytið hlutast til um að þær kvaðir verði lagðar á útskipta hlutann við söluna að þar verði óheimilt að halda sauðfé eða geitur. Hið sama á við um rétt til lagna yfir landið að Keldudal, sem verði nánar ákveðið með þeim hætti, sem valdi eiganda útskipta hlutans sem minnstu óhagræði. Verður yfirlýsing þessa efnis þinglýst á jörðina. Jafnframt taki kaupandinn á sig þá skyldu að sjá til þess á sinn kostnað að á vesturmörkum landsins verði það

girt sauðfjárheldri girðingu, en á austurmörkum gegnt Keldudal komi hann upp og haldi við á sinn kostnað hrossheldri girðingu hyggist hann hafa hross eða nautgripi á landinu. Þá mun Sk.Rvk. hlutast til um að réttur til nauðsynlegarar umferðar haldist yfir landið, sem verður selt.

Fél. landn. lýsir yfir að það gerir ekki athugasemdir við söluna með þeim skilmálum, sem að framan greinir. Jafnframt lýsir Fé. landn. yfir að ekki verði beitt ákvæðum í áðurnefndum heimildarskjölum einstakra landnema eða viðaukum við þau frá Sk.Rvk., sem veita þeim íhlutunarrétt um skipulag og nýtingu á Fellsmörk. Það á þó aðeins við um hinn útskipta hluta jarðarinnar Álftagrófar.

II.

Aðilar þessa samkomulags hafa ákveðið að frá og með árinu 2005 verði gerðar breytingar á fyrirkomulagi við rekstur Sk.Rvk. í Fellsmörk, sem felist í því að Fé. landn. taki að sér ákveðna þætti hans, eftir því sem greinir nánar hér á eftir.

Sk. Rvk. mun stofna sérstakan bankareikning í sínu nafni, sem allar leigutekjur félagsins í Fellsmörk fyrir árið 2005 og síðar greiðast inn á, sem og stofngjöld komi til þess að afnotasamningar við nýja landnema verði gerðir í Fellsmörk. Óbreytt tilhögun verður við ákvörðun um fjárhæð gjaldanna og innheimtu, sem Sk. Rvk. annast áfram. Samningur þessi breytir engu um skyldur einstakra landnema til að greiða umsamið árlegt leigugjald. Ef til er í sjóði í upphafi árs fjárhæð, sem nemur a.m.k. tveggja ára samanlögðum leigutekjum, fellst Sk.Rvk. þá á að lækka leigu hvers landnema um þriðjung fyrir árið 2008 og síðari ár komi ósk um það frá Fé. landn. og að því gefnu að samningur þessi sé þá enn í gildi. Ákvörðunarvald um ráðstöfun fjárins og ábyrgð á meðferð þess verður hins vegar að öllu leyti á hendi stjórnar Fé. landn. að því gættu þó að fénu verði eingöngu varið til sameiginlegra þarfa landnema í Fellsmörk, svo sem umsjónar á svæðinu, girðinga, vegagerðar og vegaviðhalds og annarra sameiginlegra þarfa eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar og í samræmi við ákvæði í heimildarskjölum landnema og viðaukum. Fé. landn. er jafnframt heimilt að kosta endurbætur á hlöðu í landi Fells af þessu fé og nýta hana í þágu félagsmanna. Af þessum reikningi skal jafnframt inna af hendi föst gjöld vegna jarðanna fyrir árið 2005 og síðan án útskipts lands eftir að það hefur verið selt, svo sem leigu til ríkissjóðs, fasteignagjöld, önnur opinber gjöld og fjallskil. Utan þessa samkomulags falla veðskuldir og skuld samkvæmt samningi 31. janúar 2003, sem Sk. Rvk. greiðir sjálf. Framkvæmdir á svæðinu verða með sama hætti að öllu leyti á vegum Fé.

landn., sem gerir samninga við verktaka eða stýrir verkum með öðrum þeim hætti, sem hún telur henta hverju sinni.

Greiðslur af áðurnefndum bankareikningi skulu fara fram með þeim hætti að formaður stjórnar Fél. landn. eða gjaldkeri áritar reikninga og kemur þeim til framkvæmdastjóra Sk. Rvk., sem meðáritar þá og sér um greiðslur í samræmi við ákvarðanir Fél. landn. samkvæmt því, sem að framan greinir. Föst gjöld vegna jarðanna, sbr. að framan, greiðir Sk. Rvk. af reikningnum án slíkrar áritunar af hálfu Fél. landn. Við gerð ársreiknings Sk.Rvk. skal rekstur Fellsmerkur samkvæmt nefndum reikningi gerður upp sérstaklega og áritaður af sömu aðilum. Fulltrúi Fél. landn. skal hafa rétt til að kynna sér stöðu reikningsins hvenær sem er.

Ákvæði þessa kafla samningsins eru ótímabundin, en hvorum aðila er heimilt að segja honum upp fyrir 1. október ár hvert. Gildir uppsögnin þá frá og með næstu áramótum á eftir. Að öðrum kosti framlengist samningurinn um eitt ár í senn.

Sk. Rvk. mun á næstu fimm árum eftir gerð þessa samnings annast og kosta gerð hnitasettra uppdráttu, sem krafist er að fylgi heimildaskjölum einstakra landnema við þinglýsingu.

III.

Fél. landn. hefur kynnt Sk.Rvk. annmarka, sem þykja vera á samþykktu skipulagi á svæðinu. Felast þeir í því að sums staðar hefur reynst torvelt að afmarka og nýta eins hektara ræktunareit að meðtöldum reit fyrir mannvirki, svo sem stefnt var að við gerð skipulagsins. Er þetta einkum talið eiga við um Krók og Keldudal í Álftagróf og Hólsbraut og Dalbraut í Felli.

Aðilar lýsa yfir að þeir muni beita sér fyrir því að skipulagi verði breytt til að bæta úr þessu og sameina lóðir samkvæmt gildandi skipulagi þar sem slíkt er nauðsynlegt. Munu aðilar á árinu 2005 eða 2006 gera sameiginlega tillögu til skipulagsyfirvalda til að fá skipulagi breytt, en Fél. landn. mun eiga frumkvæði að gerð tillagna til Sk.Rvk. í þessum þætti samstarfs aðila.

IV.

Fél. landn. er kunnugt um að hluti þess lands, sem verður selt, hefur verið nýtt undir svokallaða landgræðsluskóga með samningi milli Sk. Rvk. og Skógræktarfélag Íslands. Hefur fulltrúum félagsins jafnframt verið greint frá að stefnt er að gerð nýs samnings, meðal annars um afmörkun lands fyrir landgræðsluskóga í Fellsmörk, með það fyrir augum að stærra svæði verði fellt undir slíka nýtingu en samkvæmt gildandi

samningi. Mun Sk. Rvk. hafa samráð við Fél. landn. um efni samningsins og taka tillit til sjónarmiða þess, eftir því sem fært þykir.

V.

Samningur þessi er af beggja hálfu gerður með fyrirvara um samþykki landbúnaðarráðuneytis.

Reykjavík, júlí 2005

F.h. Skógræktarfélags Reykjavíkur

F. h. Félags landnema í Fellsmörk

Samþykkt f.h. landbúnaðarráðuneytis

Vottar: